



Kennsluleiðbeiningar
eftir Kristján Jóhann Jónsson

Inngangsorð

Í þessum kennsluleiðbeiningum um skáldsöguna *Draugaslóð* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur er fjallað um læsi, lestur og bókmenntafræði; um vinnureglur í lestri og lestrarkennslu; um „lestur“ þjóðsagna á atvikum og samfélagi fortíðarinnar. Þar sem nánar er vikið að sögunni sjálfri tengjast íhuganir um persónuleika og þroska, sagnaarf og náttúru en hálendi Íslands kemur mjög við sögu í *Draugaslóð*.

Skáldsagan *Draugaslóð* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur fékk Vestnorrænu barnabókaverðlaunin 2008 og var tilnefnd til Norrænu barnabókaverðlaunanna 2009. *Draugaslóð* er einstaklega vel til þess fallin að nota í grunnskólum. Hún er skemmtileg og hvetur til lestrar vegna þess að söguþráðurinn vekur áleitnar spurningar og dregur hæfilega lengi að svara þeim. Hún hefur áhrif á tilfinningar lesenda vegna þess að hún boðar bjartsýni en útilokar ekki raunir, dauða og sorg úr lífi manna og breytir ekki lífi okkar í fegraðan draum. Að vísu getur stundum verið ágætlega gaman að því en einfaldar frásagnir vilja gleymast og fölna meðan samsettari bókmenntir ná fastari tökum á okkur. Það er vegna þess að lesandinn er aldrei einfaldur í sniðum þó að mörgum þyki hagstætt að halda því fram.

Bókmenntafræði og lestur

Þjóðverjinn Wolfgang Iser hefur talað um tvenns konar nálgun sem hann kallar listræna og fagurfræðilega. Listræn er þá nálgun höfundarins sem setur verkið saman en nálgun lesandans sem tekur við verkinu er fagurfræðileg.¹ Þessir tveir pólar valda því að textinn og listaverkið eru aldrei eitt og hið sama. Ritverkið er með öðrum orðum meira en texti. Líf þess byggist á því að einhver taki við. Bókmenntaverkið er samstarf lesanda og texta og það þýðir að sjálfsgöðu að það breytist eftir því hver tekur við. Þetta þýðir jafnframt að öll skáldverk eru sýndarveruleiki, skapaður á tímabundnum fundi listaverks og lesanda. Lesandinn sér alltaf fleira en stendur í textanum og skilningur hans takmarkast jafnframt alltaf af reynslu. Þetta hafa menn vitað lengi. Breski höfundurinn Laurence Sterne lýsti því yfir að enginn háttvís höfundur þættist vita allt! Hann skrifaði hina frægu skáldsögu um Tristram Shandy á árunum 1759 – 1769 (11 árum fyrir örlagaferð Reynistaðarbræðra). Sterne taldi að bókmenntatextinn væri eins konar leiksvæði þar sem höfundur og lesandi lékju sér að ímyndunaraflinu. Fáa lesandinn að vita allt hefur hann ekkert að gera og leiðist. Ímyndunarafl hans mætir ekki á svæðið og lestur getur ekki orðið ánægjulegur nema lesandinn sé skapandi. Þetta er ég

¹ Iser. 2000. 189.

hræddur um að hafi stundum gleymst í lestrarkennslu undanfarinna ára. Það er ekki sagt til þess að gagnrýna kennara. Grunur minn er sá að áhersla ýmiss konar sálfræðinga og lestrarfræðinga á tæknileg smáatriði hafi beint athygli okkar frá því hversu mikilvægt það er að börn og unglingar séu gerendur og skapendur í lestri sínum. Ég heyrði það í lærðum fyrirlestri um lestur fyrir nokkru að grunnskólanemi sem átti í örðugleikum með lestur hefði verið látinn lesa svokallaðar orðleysur í nokkrar vikur í þjálfunarskygni og rannsakandanum til furðu hafði áhugi barnsins minnkað!

Margt hefur verið sagt um það hvernig hið ósagða í bókmenntaverkum knýr lesandann til þátttöku. Til skilnings fyrir fullorðna kennara mætti ef til vill minna hér á Bjart í Sumarhúsum og nota hann sem dæmi. Forsendur hans fyrir stefnu sinni í lífinu eru ljósar en mörgum lesendum hlýtur að finnast sú stefna röng. Hún vekur fjölmargar spurningar sem krefjast svara en höfundur verksins þykist ekkert vita um. Hið ósagða getur jafnvel verið mikilvægara en það sem á síðunum stendur. Bókmenntir skiptast í mismunandi greinar eins og til dæmis skáldsögur, smásögur, leikrit, ljóð; ævisögur, þroskasögur, smásögur, prósaljóð og ættjarðarljóð. Þeim er einnig beint að mismunandi hópum og dæmi um það eru kvennabókmenntir, barnabókmenntir og þannig mætti lengi telja. Kennslubækur og aðrir þekkingartextar teljast yfirleitt ekki til bókmennta en lestur þeirra lýtur þó yfirleitt sömu lögmálum og lestur bókmennta. Skilningur lesandans á drjúgan þátt í að skapa merkingu textans og útkoman er sýndarveruleiki sem er annað hvort vel eða illa heppnaður. Í öllum bókmenntatextum er til dæmis tími sem lesandinn gerir sér smám saman grein fyrir. Lesturinn getur ekki gerst allur í einu, lesandinn verður að sætta sig við að lesa hverja blaðsíðu fyrir sig², það hefur áhrif á lesturinn sem einnig mótast af því hvernig tíminn er skammtaður inn í frásögnina. Tíminn sem það tekur okkur að lesa og þær upplýsingar sem við fáum um tímann eða fáum ekki gera skilning okkar síbreytilegan. *Draugaslóð* býður upp á nokkuð skemmtilegt grín með tímann því í henni er sagan stundum samtími og samtíminn saga. Í ritdómi sem Dagný Kristjánsdóttir skrifaði í *Tímarit Máls og menningar*³ er talað um að *Draugaslóð* sé speglasalur vegna þess hvernig sagan af skosku bræðrunum endurspeglar sögu Reynistaðarbræðra og afstaðan til þessara tveggja bræðrapara verður uppistaða í þroskasögu Eyvindar. Ein af aðalpersónunum, afinn, hefur lengi verið dáinn en nútíminn kemst samt ekki af án hans. Rétt eins og hvarf hinna erlendu Reynolds-bræðra er endurtekning á hvarfi Reynistaðarbræðra árið 1780 fer Eyvindur Þóruson á fjöll, dvelst á Kili og lærir að Fjalla-Eyvindur hefði sennilega aldrei lifað lengi án aðstoðar úr byggð.

Tímaskilningur í bókmenntum verður annar þegar lesið er í annað sinn. Þær uppgötvanir sem gerðar voru í fyrsta lestri hljóta að breyta heildarmyndinni. Sé dæmi tekið af *Draugaslóð* þá veit sá sem les í annað sinn hver örlög drengjanna á Kili urðu. Hann deilir ekki von Eyvindar um að þeir séu á

² Hér mætti þó minna á kvikmyndina Matrix. Þar var persónum einfaldlega stungið í samband og þekkingin sprautaðist inn á ógnarhraða!

³ Dagný Kristjánsdóttir. 2008. 107-111

lífi vegna þess að hann hefur séð fram í tímann með lestri sínum. Það þýðir samt ekki að annar lestur sé á einhvern hátt sannari en fyrsti lestur. Hann er fyrst og fremst „annar“ lestur því forsendurnar eru breyttar. Bækur þola annan lestur misvel. Daninn Sören Kierkegaard mun hafa sagt að við lifðum áfram en skildum aftur á bak. Það er eins og við sitjum í vagni og snúum baki í ekilinn, sjáum allt sem við förum yfir en ekki hvert við höldum. Þannig eru lífið og lesturinn. Þó við sjáum ekki hvert við höldum höfum við samt alltaf um það rökstuddan grun. Í öllum lestri fléttast saman grunur um það sem koma skal og sýn yfir það lesna.

Áður var vikið að þeirri skoðun Laurence Sterne að enginn rithöfundur með sómatilfinningu reyndi að segja allt. Wolfgang Iser hefur einnig vikið að því að í öllum textum séu eyður sem lesandi fylli með hugmyndaflugi sínu, reynslu og þekkingu.⁴ Þegar við lesum skáldsögu setjum við okkur textann fyrir hugskotssjónir og ómögulegt er að vita með vissu hvaðan þær myndir koma sem í hugskotinu birtast. Þær eru samstarf texta og huga eins og rakið hefur verið og þannig séð ekki föst stærð. Hugmynd okkar um textann, hér mætti næstum segja: „hugmynd okkar af textanum“ er ekki „raunveruleg“ merking hans. Hún er í besta falli afstæð merking. Skilningur okkar er í þessu tilviki eins og öðrum persónubundin samsetning hugmynda. Ímyndunaraflið fyllir upp í eyður textans og þá finnst lesandanum að hann sé skapandi og gerandi. Það er erfitt að nefna dæmi um þetta sem allir skilja en ef til vill hentar þó frásögn *Njálu* af Hallgerði langbrók og hárlokknum. Hún hefur löngum verið lesin „sjálfvirk“ á þann hátt að Hallgerður hafi brugðist hetjunni Gunnari á ögurstundu þegar hún neitaði Gunnari um hárlokk í bogastrenginn. Hvers vegna hefur lesendum *Njálu* verið svona samt að gera konur að sökudólgum? Þetta tiltekna atvik um hárlokkinn og bogastrenginn má lesa á allt annan hátt.⁵ Af sama toga er sú staðreynd að skáldsögupersónur í kvikmyndum valda þeim oft vonbrigðum sem lesið hafa hina kvikmynduðu bók.

Ef textinn sem við lesum hittir í mark getur lestur endurspeglað reynslu okkar á svo ótvíræðan hátt að við verðum að leggja hugmyndir okkar um sjálf okkur til hliðar um sinn. Meðan á því stendur breytumst við. Margir geta nefnt dæmi um lestur sem varð til þess að þeir sáu sjálfan sig eða umhverfi sitt í nýju ljósi. Þegar við túlkum texta lærum við jafnframt að túlka okkur sjálf. Líf okkar verður saga með byggingu og tíma og við sjáum það sem áður var okkur hulið. Í bókmenntum er fólgið tækifæri til að skilja.

Kennslufræði

Amerísku kennslufræðingarnir Harvey og Goudvis hafa sett fram nokkrar reglur um lestur og ég læt þær fljóta hér með en hef sniðið þær að þörfum þessara kennsluleiðbeininga:⁶

⁴ Iser. 2000. 188.

⁵ Kristján Jóhann Jónsson. 1998. 131-135

⁶ Harvey & Goudvis. 2007. vii – xiv og víðar.

Íhugið alltaf eigin skilning á því sem þið lesið og haldið honum til haga.

Tengið lesefnið við þekkingu ykkar.

Spyrjið í huganum og efist, - það heldur lestrinum gangandi.

Setjið ykkur fyrir sjónir og dragið ályktanir.

Ákveðið hvernig þið skiljið það sem gefið er í skyn, ef þið sjáið ykkur það fært.

Greinið aðalatriði frá aukaatriðum, sérstaklega í fagtexta.

Dragið saman og samræmið upplýsingar.

Fylgist með þróun eigin hugmynda í lestrinum.

Allar þessar reglur gilda að breyttu breytanda fyrir bæði kennara og nemendur. Einnig mætti nefna reglur um hagnýtar leiðir í lestrarkennslu:

Hafið alltaf mótaðar áætlanir og gott skipulag.

Fræðsla um efnið bætir lesskilning. Ef nemandinn er vel heima í efninu tengir hann sínar hugmyndir við textann.

Hér mætti augljóslega taka dæmi af *Draugaslóð*. Upplýsingar um Kjöl og veðurfar á hálendinu gætu til dæmis auðveldað nemendum að mynda sér skoðun á ferðum og ákvörðunum Reynistaðarbræðra.

Hvenær er skynsamlegt að fara á fjöll? Hér er upplagt að samþætta náttúrufræði og bókmenntir.

Þekking á sögu Reynistaðarbræðra getur orðið að hagnýtri þekkingu fyrir nútímamenn.

Lestur er alltaf leit að þekkingu eða skilningi og hagstætt að vita að hverju er leitað.

Skýrslur um lestur geta verið gagnlegar. Látið nemendur hafa texta með forvitnilegum upplýsingum, og lýsa því hvaða áhrif hann hafði á þau.

Harvey og Goudvis freista þess í bók sinni að skipta lesendum í fjóra flokka og hugmyndin er áhugaverð. Í fyrsta flokki eru þöglir lesendur sem vita ekki hvernig þeir hugsa þegar þeir lesa. Í öðrum flokki eru lesendur sem segja má að viti jafnlangt nefi sínu. Þeir átta sig á því þegar merkingin er farin út um þúfur og þeir missa samband við textann en þeim er ekki alltaf ljóst hvernig þeir ættu að leysa vandann. Í þriðja flokk fara svo lesendur sem hugsa skipulega. Þeir hugsa um efnið, flokka það og meta til þess að auðvelda skilning og afla þekkingar. Þeir halda þræði og túlka gloppur í merkingu. Fjórða flokkinn mætti kalla íhugula lesendur. Þeir hugsa skipulega eins og lesendur í þriðja flokki en eru líka skapandi og geta beitt margvíslegum úrræðum, allt eftir því hvað þeir ætla sér í lestrinum. Þeir íhuga eigin skilning og þroskast við lesturinn.

Hvernig er hægt að kenna lesendum að komast á fjórða stigið? Hér finnst mér hægt að tengja hugmyndir rithöfundarins Laurence Sterne og bókmenntafræðingsins Wolfgang Iser við hugmyndir kennslufræðinganna tveggja, Harvey og Goudvis. Þeir ráðleggja lesendum að íhuga eigin hugsanir meðan lesið er, halda þræði eftir fremsta megni, veita því athygli þegar gloppur eru í textanum, horfa

eftir hugsanavillum og bæta merkingu þegar það á við. Það sem vantar í kenningar Harvey og Goudvis er skilningur á því að góður lesandi er alltaf bæði gerandi og skapandi. Það sem vantar í skilning Sterne og Iser er það hvernig fólk getur lært að koma sér í árangursríkar stellingar við lestur. Harvey og Goudvis hafa einnig í fórum sínum nokkur ráð til kennara um það hvernig þeir eiga að koma nemendum sínum af stað í lestri.

Kennsla í lestri er líka kennsla í skilningi. Kennið með það í huga hvernig kennslunni á að ljúka og reynið að sjá til þess að námsefnið tengist nemandanum á einhvern hátt. Eyðið tíma í að móta viðhorf nemenda til lestrar og minnið nemandann á að velja sér nálgun. Með hvaða hugarfari nálgast lesandinn textann? Það ræður miklu um það hvað hann sér í lestrinum. Spyr hann textann spurninga? Ef við lesum þjóðsögur, veljum við þá að trúá, efast og spyrja, afsanna eða hneykslast? Allt er þetta gott og gilt enda er slíkur lesandi jafnframt gerandi. Hafni nemandinn hins vegar textanum og tengi sig ekki við hann þarf nýjan texta. Það getur verið að leggja þurfi nokkra vinnu í að gera nemendum skiljanlegt hvað það er að velja nálgun. Það getur þurft að útskýra íhuganir og hugleiðingar um það sem lesið er. Góð aðferð til þess er að lesa upphátt og segja nemendum frá þeim tengingum sem í hugann koma. Sé lesin saga um hund getur verið gott að minnast á hund sem kennarinn kynntist einhvern tímann og leyfa nemendum að skjóta inn sögum. Áhuginn kemur með þátttökunni. Kennarar þurfa að þjálfá hjá nemendum munnleg, skrifleg og listræn viðbrögð við texta. Það mætti einnig orða svo að nemendur þurfa að fá að tala og skrifa um og teikna það sem lesið er. Markmið lestrarkennslu er sjálfstæður lestur og sjálfstæð hugsun. Gefið nemendum smám saman lausan taum í því hvernig þeir nálgast texta. Skapið þeim tækifæri til að æfa sig og sýnið þeim leiðir til að skilja mismunandi texta. Til þess þarf auðvitað að skapa mikinn lestrartíma, mörg tækifæri til þess að tala um það sem lesið er og það þarf að benda þeim á hvernig ýmsir þættir textans fléttast saman. Í Draugaslóð má til dæmis benda á það hvernig manndómsvígslan verður Reynoldsbræðrum og Reynistaðarbræðrum að bana vegna heimsku, græðgi og hörku aðstandenda meðan Eyvindur lifir af vegna mildi og visku ömmu sinnar. Sögurnar varpa ljósi hver á aðra.

Kennarar þurfa líka að fylgjast með nemendum og ráðgast við þá. Gott er að skrifa hjá sér minnisatriði úr samtölum við nemendur til þess að meta framfarir og safna upplýsingum. Það er einnig mikilvægt í bókmenntakennslu að nota ritsmíðar nemenda til þess að marka stefnu í kennslunni og það á að taka mark á viðhorfum þeirra þegar árangur er metinn.

Þegar kennari stjórnar umræðum í stórum hópi nemenda þarf að sjálfsögðu að undirbúa þær umræður eftir því hverjir nemendurnir eru. Það þarf að þjálfá vinnuáðferðir til að skilja texta og skýra merkingu hugtaka. Oft er gagnlegt að kennari hugsi upphátt til þess að sýna hugsun og vinnubrögð. Þegar kemur að umræðunum þá gætir kennarinn þess að þær hafi stefnu og markmið. Umræður verða árangursríkar ef kennari styður hugmyndir nemenda, hálpar þeim áleiðis og tryggir skilning. Nemendur geta skipst á skoðunum, tveir eða fleiri eftir sameiginlegan lestur. Kennarinn gengur þá á

milli hópa, metur og sinnir þörfum nemenda. Sennilega er nokkuð um það í íslensku skólakerfi að nemendum sé slengt inn í slíka hópvinnu án íhugunar um hvort þeir séu tilbúnir til þess. Þegar nemendur hafa fengið reynslu af því að vinna með kennaranum og með öðrum nemendum eiga þeir að spreyta sig sjálfir. Nemendur þurfa að fá reglulega svörun frá kennara og samnemendum.

Draugaslóð og Reynistaðarbræður

Í áður nefndum ritdómi Dagnýjar Kristjánsdóttur um *Draugaslóð* eru rakin tengsl við sögu Reynistaðarbræðra. Draugaslóð er þroskasaga Eyvindar segir Dagný og vitnar í trúarbragðafræðing um að allar manndómsvígslur séu þríþættar og tengist kynverundinni, (nýleg þýðing á orðinu: sexuality) dauðanum og hinu heilaga. Í því rúmast væntanlega þau tímatakörk sem okkur eru gefin og mörkin milli líkama og sálar. Kynverund Eyvindar birtist í því að í upphafi vill hann engan umgangast nema einkavin sinn, peðið Jens, en þolir ekki stúlkuna Vilhelmínu, áleitnar spurningar hennar og afskiptasemi. Þegar líður á söguna mýkist hugur hans gagnvart Vilhelmínu og lesanda hlýtur að gruna að Eyvindur sé í þann veginn að stíga út úr hinni „kynlausu bernsku“ og inn í heim þeirra karlmannanna sem telja að hægt sé að stofna til sérlega ánægjulegrar vináttu við kvenmenn. Kynverundin er komin til sögunnar.

Dauðinn kemur til Eyvindar og inn í vitund hans þegar MacReynolds bræðurnir hverfa á Kili. Fyrst trúir hann því að þeir lifi þar frjálsum lífi sem útilegumenn en smám saman gerir hann sér grein fyrir því að þeir hljóta að vera dánir. Sá skilningur er samferða nánari tengslum við hið heilaga sem birtist í nærveru afans. Dauði afans hefur verið yfirstiginn á þann hátt að amman heldur minningu hans lifandi í sögum. Afi Eyvindar kemur fram í draumum hans og slær út rafmagninu þegar „hann vill“ að Eyvindur fari að sofa. Það er amma sem túlkar vilja afa, rétt eins og prestur tali fyrir guð sinn. Þegar Eyvindur gerir sér grein fyrir því að skosku drengirnir hljóti að vera dánir styrkist samband hans við hinn heilaga afa sem vísar honum á líkin í draumi. Við skynjum hið heilaga þegar við stöndum frammi fyrir dauðanum.

Faðir þeirra MacReynolds bræðra er skoskur auðmaður sem stundar hestaviðskipti við Íslendinga. Hann er ráðríkur og strangur og mislíkar leti og ábyrgðarleysi eldri sonarins. Jafnframt fer linka og dugleysi yngri sonarins í taugarnar á honum. Þetta er harla líkt Reynistaðarbræðrum þar sem eldri bróðirinn er yfirgangssamur en sá yngri veikgeðja og dulrænn. MacReynoldsbræður eru sendir með hesta yfir Kjöl á hæpnum árstíma, Reynistaðarbræður fóru með sauðfé en útkoman er sú sama. Ættarnafn Reynoldsfjölskyldunnar minnir á Reynistað, Reynoldsbræður eru báðir grænklaeddur að

hluta til en það er einmitt óheillalitur Reynistaðarbræðra og þannig mætti lengi telja. Líkindin í yfirborðsgerð þessara sagna eru augljós.

Lesið í sögur

Sagan af Reynistaðarbræðrum er harmleikur. Þeir voru sendir til fjárkaupa suður á land sumarið 1780, þeir lögðu af stað til baka með féð í nóvember og urðu úti. Árið 1846, 66 árum eftir að þeir hurfu, voru svo flutt minningarorð yfir beinum þeirra Staðarbræðra. Á þeirri tæplega hálfu öld hafði þjóðin hugsað margt og alþýða manna las þessa atburði á sinn hátt. Lestur og læsi eru afar margbrotið viðfangsefni og í þjóðsögum birtist gjarnan tiltekinn lestur á atburðum. Oftar en ekki virðist það vera lestur almennings á háttum og örlögum fyrimenna eða annarra sem taka sér vald með misjöfnum rétti. Lestur þjóðarinnar á örlögum Reynistaðarbræðra er eins og annar lestur að því leyti að þar er lesið í eyðurnar og við það beita menn hugmyndaflugi sínu, reynslu og greind. Halldór Vídalín, faðir Reynistaðarbræðra, var sonur Bjarna Halldórssonar á Þingeyrum sem var frægur maurapúki. Ragnheiður móðir þeirra var dóttir stórbónda og hörð búskýslukona. Vegna fjárkláðans þurfti að skera niður bústofninn og hjónin á Reynistað í Skagafirði þurftu að senda menn í fjárkaup. Þau ákváðu að senda syni sína í þessa ferð. Þeir komu ekki aftur og það atvik hefur þjóðin lesið í á sinn sérstaka hátt, túlkað það og gert að persónlegri þekkingu með því að segja frá því í sögu og ljóðum. Reynistaðarbræðurnir hétu Bjarni og Einar. Bjarni hét eftir afa sínum maurapúkanum, hann var stríðinn, yfirgangssamur og ofbeldishneigður. Í sögu Reynistaðarbræðra eftir Guðlaug Guðmundsson segir að hann hafi verið: „... fríður sýnum og mannvænlegur, glaðlyndur og orðhvatur“. Þar segir einnig: „Bjarni, sem var kátur og glettinn, hló oft að presti og hæddi hann.“⁷ Það kemur skýrt fram í frásögnum að þessi prestur hafði ekkert til saka unnið annað en að vera fátækur en fjölskyldunni á Reynistað var í nöp við hann. Það þurfti alltaf að gefa prestinum eina máltíð þegar hann söng messu og það er einmitt þessi máltíð sem verður tilefni til ágreinings í sögunni. Hinn glaðlyndi Bjarni slær undir ask prestsins svo að grauturinn skvettist yfir hann allan. Prestur reiðist og spáir því að illa fari fyrir Bjarna og þá ræðst Halldór faðir Bjarna á prestinn, snýr hann niður og hárreytir hann. Húsmóðirin biður svo þekktan kraftamann að draga húsbóndann af prestinum, gömlum og höltum manningnum og með því að velja þetta atvik sem formála að sögunni er rödd alþýðunnar strax farin að lesa í þau atvik sem leiddu til ógæfu á Reynistað. Menn sem hrekkja, lemja og hárreyta roskinn, heiðarlegan guðsmann eru yfirgangsmenn og það á eftir að fara illa fyrir þeim. Atriði eftir atriði í frásögnum af Reynistaðarbræðrum styður þennan skilning.

Það er engin tilviljun að andstæðan milli fátækra og ríkra fær lykilstöðu í „lestri“ þjóðsögunnar á örlögum bræðranna. Eins og áður sagði og lesa má í Íslandssögunni gengu hörmungar

⁷ Guðlaugur Guðmundsson. 1998. bls. 11

yfir þjóðina. Yfirstéttin hélt fast um sitt og treysti á að skiptingu auðs og eigna yrði borgið ef dyggðum væri viðhaldið og stranglega refsað fyrir öll frávík. Útileguþjófurinn Arnes Pálsson, síðar fylgismaður (eða vinnumaður) Fjalla-Eyvindar, var hýddur fyrir trafarþjófnað, en þetta „traf“ hefur sennilega verið einhver skrautflík eða sjal sem hann hefur stolið af finni frú til að gefa fallettri stelpu. Hýðing var annað hvort framkvæmd þannig að þjófurinn var einfaldlega látinn leysa niður um sig og hýddur eða bundinn við staur ef refsingin átti að vera af harkalegra tagi. Sá staur kallaðist kagi og þar af orðið kaghýðing.⁸ Einnig tíðkaðist að brennimerkja þjófa með glóandi járn og þá gátu þeir ekki leynt því að þeim hefði verið refsað fyrir þjófnað. Með nýrri tilskipan frá konungi 19. nóv. 1751 var því svo bætt við að hýddir og brennimerktir þjófar skyldu dæmdir til ævilangrar þrælkunar í fangelsi. Þá urðu sýslumenn að sjá um gæslu á þeim þar til máli þeirra var lokið. Það var auðvitað mun dýrara en að hýða fólkið og brennimerkja og senda það svo heim. Þess vegna tóku sýslumenn sig saman og sendu bænaskrá til konungs um að strax mætti hengja þjófa sem hefðu gert sig seka um stórþjófnað og töldu alls upp fimm tilvik afbrota sem yrðu látin réttlæta hengingu til þess að spara kostnað og báðu um að þessi fangelsistilskipun yrði dregin til baka. Sýslumenn virðast ekki hafa fengið svar við óskum sínum en bænaskráin sýnir vel viðhorf þjóðarinnar til sakamanna. Íslenskir embættismenn eru þar mun grimmyndari en hið danska nýlenduvald.⁹ Hugmyndir um refsingar voru að breytast í Danmörku á þessum tíma og það er líklega þess vegna sem sýslumennirnir íslensku fengu engin svör. Arndís nokkur, sem kölluð var Barna-Dísa, hagnaðist á breyttum hugmyndum um refsingar um þetta leyti. Hún var dæmd til að drekkjast í Drekkingarhyl fyrir hórdómsbrot með þremur giftum mönnum, en karlarnir fengu smásektir. Dómi Dísu var svo breytt í fangelsisvist og hún lenti í Múrnum en ekki hylnum. Um Arndísi hefur ýmislegt verið skrifað.¹⁰

Stéttaátök voru hörð á þessum árum og fólk barðist um stöðu í samfélaginu. Sagan segir að yngri Reynistaðarbróðirinn, Einar, hafi verið látinn fara með í hina örlagaríku ferð vegna þess hve ungur, fagur og aðlaðandi hann var. Foreldrarnir virðast hafa vonast eftir því að hann fengi gefnar kindur eða að þeir bræður fengju betri samninga út á þennan blíðlynda pilt. Þessa aðferð má víða um lönd sjá hjá útförnum betlurum sem siga börnum sínum á ferðamenn. Í sögu Kristínar Helgu er faðirinn sekari en móðirin um hörku gagnvart drengnum¹¹ en því er öfugt farið í sögu Reynistaðarbræðra eftir Guðlaug Guðmundsson. Þar tekur móðirin af skarið.¹² Skyldi það vera bundið tíma og samfélagi hvort mönnum er tamara að ásaka feður eða mæður fyrir framkomu gagnvart börnum? Hvað sem því líður verða sauðfjárkaupin sonunum að bana. Einnig er margsinnis að því vikið í ýmsum útgáfum af sögunni að Einar hafi séð dauða sinn fyrir en það var ekki hlustað á það. Öll

⁸ Kristinn Helgason. 1997. bls. 19

⁹ Guðmundur Guðni Guðmundsson. 1970/2004 bls. 123-126

¹⁰ Kristinn Helgason. 1997. 117-123

¹¹ Kristín Helga Gunnarsdóttir. 2007. 124.

¹² Guðlaugur Guðmundsson. 1998. 16-17

yfirnáttúruleg boð voru dæmd sem alþýðlegar kerlingabækur og því fór sem fór. Þannig er það fellt inn í lestur Þjóðsögunnar á þessu atviki að illa fer fyrir þeim sem hundsar vitneskju alþýðunnar. Um þetta eru mörg dæmi í bók Guðlaugs Guðmundssonar.¹³ Þá eru þó ótaldar spár og bölbænar prestanna tveggja sem Bjarni hinn yngri móðgaði. Það er skemmtileg tilviljun – eða ekki tilviljun – að móðganirnar sem hann sýnir prestunum tengjast mat og kynlífi en hvort tveggja var veikur punktur hjá prestastétt þessa tíma. Áður var nefnt að Bjarni hellti graut yfir prest og fyrir sunnan varð honum á að kasta fram vísuþvingi um smíðatól prests. Sá prestur hafði að sögn nýlega barnað vinnukonu og taldi að kviðlingurinn fjallaði um önnur tól en smíðatólin. Í sögu Kristínar víkur Nökkvi sér undan því að útskýra þetta fyrir Eyvindi en sagan er ættuð úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar¹⁴. Hjátrú tengd ætt þeirra bræðra hefur hins vegar lifað allt fram á okkar daga eins og sjá má í nýjustu útgáfunni af sögu Reynistaðarbræðra.¹⁵ Þar er rakin sú trú að karlmenn af Reynistaðarætt megi ekki heita Bjarni, ekki klæðast grænu og ekki ríða bleiku hrossi. Þar tengir alþýðutrúin hinn harðlynda Bjarna Halldórsson aftur við bræðurna og telur að ógæfan fylgi nafni hans að einhverju leyti.

Mikill hluti þess sem síðar hefur verið skrifað um mál Reynistaðarbræðra fjallar um dauðastríð leiðangursins, hungur, kulda og vosbúð. Beinahóllinn, þar sem þeir og fjárhópurinn báru beinin, verður þá að minnisvarða um um dauða og hverfuleika og hrossið Grána sem fannst lifandi í hræðilegu ástandi um vorið verður tákn um þjáningar. Árið 1971 var reistur minnisvarði á Beinahóli í Kjalhrauni með mikilli fyrirhöfn. Lýsingin á því verki og aðdraganda þess sýnir vel hve sterk ítök þessi sorglega saga hefur átt í þjóðinni og til fyrirmyndar að Kristín Helga skuli með bók sinni *Draugaslóð* hafa gefið okkur tækifæri til þes að taka hana til umræðu að nýju.

Eftirleikur þessa máls er nokkuð vel rakinn í frásöguþættinum: „Leyndarmál öræfanna“ eftir Tómas Guðmundsson.¹⁶ Harmleikurinn breyttist í óleyst glæpamál. Tveimur mánuðum eftir að Staðarmenn lögðu á fjallið að sunnan og ætluðu norður, komu sendimenn að norðan og fréttu að þeir hefðu orðið úti. Sú saga komst á kreik að gangnamenn í eftirleitum hefðu heyrt köll og hróp en ekki nennt að sinna því. Það er ósannað mál en sagan sýnir ef til vill hve illa fólki leið út af þessu máli. Um veturinn komu fram nokkrar sauðkindur og fjárhundur Staðarmanna. Stóðhestur kom fram og merin Grána í hræðilegu ástandi. Af henni er mynd í eldri útgáfu bókarinnar um Reynistaðarbræður, – frá 1968. Sú útgáfa er myndskreytt af Halldóri Péturssyni en í seinni útgáfuna, – frá 1998, hefur Freydís Kristjánsdóttir teiknað myndirnar. Það er íhugunarefni fyrir kennara og nemendur hvar myndir eru settar í sögu Reynistaðarbræðra. Með því er dregið fram í sviðsljósið það sem myndgert er og í því er fólgin túlkun.

¹³ Sami. 1998. Bls. 18-19, 21, 33-35 o.s.frv.

¹⁴ Jón Árnason. Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri I. 1961. bls. 221

¹⁵ Guðlaugur Guðmundsson. 1998. bls. 167 - 174

¹⁶ Sverrir Kristjánsson og Tómas Guðmundsson. 1972. 31-47

Um vorið byrjuðu ferðir aftur yfir Kjöl og þá fannst tjaldið. Tómas á Flugumýri sagði að fjögur lík væru í tjaldinu og ólykt mikil. Ef hann hefði ekki litið inn í tjaldið hefði hann væntanlega giskað á fimm lík eða hvað? Vissi hann að þeir hefðu ráðið Guðmund Daðason að sunnan til farar með sér? Ekki gat hann vitað um ferðir Jóns Austmanns. Hann vísaði leiðangursmönnum á tjaldið, hann og samferðamenn hans höfðu borið grjót á tjaldið og allt virtist óbreytt en í tjaldinu voru bara tvö lík. Bræðurnir Bjarni og Einar voru týndir. Þetta gerðist árið 1781 og á næstu árum var mikið leitað. Ekkert fémætt fannst í tjaldinu. Talað var við miðil, eða sjáanda, sem þóttist ýmislegt sjá en ekkert gekk þó og upp kom grunur um að ferðamenn hefðu rænt líkin. Nokkrir Eyfirðingar höfðu farið um Kjöl skömmu eftir að Tómas tilkynnti um líkfundinn og þeir voru kærðir fyrir líkrán. Einn þeirra hét Björn Illugason en hjá honum þóttust menn hafa séð svart hálfmerkurglas (það er lítil flaska, tekur einn pela eða fjórðung punds.) og silfurhnappa úr eigu Reynistaðarbræðra. Ekkert varð sannað á Eyfirðingana og þeir fengu að leggja eið að sakleysi sínu. Þeir urðu auðugir menn en almannarómur hafði dæmt þá þó sýslumaður gerði það ekki og málið fylgdi þeim alla ævi. Ýmsar sögur voru líka sagðar um Jón Austmann, fylgdarmann þeirra bræðra, en líklega hefur hann leitað hjálpar og farist í Blöndugili. Þar fannst mannhönd í vettlingi og stafirnir JA voru saumaðir á þumalinn. Um Jón Austmann orti Hannes Pétursson þekkt kvæði.

Rúmlega hálfri öld eftir þessa atburði fundu svo grasakonur mannabein á Kili sem giskað var á að væru af Reynistaðarbræðrum. Ekki virðast menn þó hafa tekið nægilega mikið mark á þeim því það er ekki fyrr en Skagfirðingur nokkur gengur fram á beinin að læknir aldursgreinir þau og þau voru svo jarðsett, 66 árum eftir að bræðurnir lögðu af stað í ferð sína.

Saga Reynistaðarbræðra á sér margvísleg eftirmál í íslenskum bókmenntum og menningu. Skáldsagan *Draugaslóð* er nýjust og skemmtilegust en draugasögurnar loða við Kjöl. „Liðið er hátt á aðra öld; enn mun þó reimt á Kili“, orti Jón Helgason. Í nýrri útgáfunni af sögu Reynistaðarbræðra er rakin hjátrú úr nútímanum og þar segir meðal annars af því að til eru sögur af skuggum í mannsmynd sem sjást á Kili. Guðmundur frá Miðdal skráði þessar sögur eftir erlendri konu sinni sem ekki þekkti sögu Reynistaðarbræðra.

Nokkrum sinnum hefur verið vikið að Bjarna Halldórssyni, sýslumanni á Þingeyrum og afa þeirra Reynistaðarbræðra. Hann varð mjög feitur á efri árum. Ein sagan segir að hann í ellinni teygt sig eftir vinnukonu, misst takið og oltið fram úr rúminu og beðið bana (semsé farist við tilraun til nauðgunar!) Honum var svo mikið í mun að eiga alltaf síðasta orðið að hann stefndi starfsbróður sínum, Lafranz sýslumanni dauðum við gröf hans á Bessastöðum. Nokkuð traustar heimildir eru fyrir því að veður var vont og kalt þegar Bjarni var sjálfur grafinn. Hankar á kistunni gáfu sig og hún steyptist á endann ofan í gröfina. Þessi jarðarför var að sjálfsgöðu talin dómur æðri máttarvalda yfir lífi og lífsháttum Bjarna Halldórssonar. Grímur Thomsen, skáld og bóndi á Bessastöðum orti kvæði um þetta árið 1894 og er ómyrkur í máli um þá sem trufla grafarró manna. Í kvæði Gríms er Bjarni

kallaður keisberi, en keis merkir kúlumagi og er í kvæðinu vafalaust tákn um græðgi. Einnig er líkið af sýslumanninum kallað „hræ“ og sagt að „þrúttinn nár hafi sokkið ofan í moldar skaflinn“. „Við munum öll deyja“ orti Bubbi löngu síðar með sama þema í huga en kvæði Gríms sýnir ótvírætt að Bjarna Halldórssyni hefur fylgt óorð fyrir siðleysi árið 1894. Í kvæði sínu um Reynistaðarbræður les Grímur á annan hátt í örlög bræðranna en gert hafði verið. Náttúran er fögur en hún er ógnvekjandi og hættuleg, segir þar. Engin sekt af neinu tagi ræður því að bræðurnir farast. Því ræður hinn bitri kuldi og sá drottinn sem kýs að búa þeim bræðrum gröf í heljarkuldanum. Í kvæði Gríms sprettur fram sú mikla andstæða: menning og náttúra. Erum við hluti af náttúrunni eða erum við eitthvað annað? Í ljóði Gríms er feigð í freðnum sporum, þar er kóf og hart frost, skaflar og skafrenningur, myrkur og rok, grenjandi norðanbylur, köld vetrarnótt og svefninn bróðir dauðans. Hér gildir ekki náttúruúrskun Jónasar Hallgrímssonar og skoðanabræðra hans sem töldu að maður og náttúra væru eitt. Hér takast maður og náttúra á og annað hvort fer með sigur af hólmi. Þetta kvæði Gríms birtist ekki fyrr en 1906, eftir dauða skáldsins. Í nýrri útgáfunni af Reynistaðarbræðrum eru einnig kvæði eftir þá Ragnar Inga Aðalsteinsson og Hannes Pétursson. Hannes rammar kvæði sitt inn í eitt atvik: einn leiðangursmanna leggur út í sortann og neitar að gefast upp. Eftir liggur hönd hans dauð og ein. Í kvæði Ragnars leggja leiðangursmenn á brattann af hetjuskap. Eftir stendur einungis dauði og sorg. Í kvæði Gríms frá lokum 19. aldar er hetjuskapurinn harmrænn og vonlaus, en óhjákvæmilegur. Í kvæðum Hannesar og Ragnars virðist hann göfugur en gagnslaus. Hér eru á ferð góð umhugsunar – og ritunarefni. Skiptir máli hvernig brugðist er við í vonlausum aðstæðum? Hvað er hetjuskapur? Í *Röddum barnabókanna* hefur Silja Aðalsteinsdóttir rætt siðferðisþroska söguhetja í barnabókmenntum út frá kenningum Piaget. Á hvaða siðferðisstigi stendur barnið? Stigi framandræðis, samvinnustigi eða stigi sjálfræðis? Á stigi framandræðis þykir barninu eðlilegt að aðrir ráði yfir því. Á öðru stigi trúa börnin því líka að aðrir eigi að ráða en eru farin að krefjast jafnaðar og vega þannig og meta stjórn foreldranna. Allir eiga að fá jafnt af öllu en aðstæður eru ekki komnar inn í myndina. Þetta þekkja allir foreldrar. Á þriðja stigi siðferðisþroskans hugleiða börnin afstæðan rétt í stað sjálfvirks jafnaðar og sjálfræði kemur í stað framandræðis. Þá verða menn fullorðnir. Eyvindur stendur líklega á mörkum annars og þriðja stigs. Í rás sögunnar fer hann alveg yfir á þriðja stigið og verður fullorðinn. Til þess að geta þroskast þarf hann tengsl við fólk, menningu, sögu og náttúru. Þar held ég að liggi kjarni þessarar ágætu bókar. Við þurfum reynslu og jafnvel þjáningu til þess að þroskast og komast í tölu fullorðinna. Þetta mætti útfæra eilítið nánar og ræða í ljósi sögunnar:

Umræðuefni og kennslutengingar sem blasa við í skáldsögunni *Draugaslóð* eru:

1) Manndómsvígsla Eyvindar, sem í sögunni stígur úr heimi barns og yfir í heim fullorðinna,

2) Fjölskyldan sem er ekki: „pabbi mamma börn og bíll“ ef svo mætti segja. Faðirinn er fjarverandi en móðir Eyvindar hefur tekið frama sinn og menntun fram yfir hann og umsjá með honum. Í sögunni er það réttlætt en verður jafnframt tilefni til nokkurra átaka. Amman er líka á skjön við staðlaðar bókmenntamyndir af ömmum, - minnir kannski einna helst á ömmu dreka úr sögum Guðrúnar Helgadóttur. Afinn er að vissu leyti fjarverandi eins og faðirinn en nálægur í andanum sem er skemmtileg og mikilvæg frásagnarlausn. Löngu dáinn afi Eyvindar verður „faðir“ hans og samband þeirra verður Eyvindi leiðsögn inn í líf hins fullorðna karlmanns.

3) Þjóðsagnaarfurinn sem gegnsýrir alla söguna er auðvitað í beinu sambandi við námsskrána en í gegnum hann má einnig skilja fólk, menningu og sögu. Eyvindur Þóruson er nafni Fjalla-Eyvindar og afi hans er eins konar andi á fjöllum. Kjölur verður mikilvægasti staður bókarinnar og sögur sem þar hafa gerst ganga aftur í *Draugaslóð* Kristínar. Eyvindur Þóruson dvelur á Kili yfir sumarið, þar var Fjalla-Eyvindur um hríð en frægasta sagan þaðan er auðvitað sagan af Reynistaðarbræðrum. Þjóðsagnavinnu má beina í hvaða átt sem mönnum sýnist. Það má taka þjóðsögur úr umhverfi allra skóla og finna í þeim líkindi og tengsl. Fjalla-Eyvindur og þeir sem honum fylgdu fóru að sögn um allt land og sögur um útilegumenn þekkjast alls staðar. Leikrit hafa verið skrifuð um útilegumenn: *Skugga-Sveinn*, sem áður hét *Útilegumenn*, eftir Matthías Jochumsson, (sýnt 1862) *Fjalla-Eyvindur og Halla* eftir Jóhann Sigurjónsson (frumsýnt 1911) og *Í múrnum* (1964) eftir Gunnar M. Magnúss. Útilegumannasögur má einnig nota til að kenna sögu. Um miðja átjándu öld þegar Fjalla-Eyvindur, Halla og Arnes eru sögð hafa verið með hættulegustu útileguþjófum, þá höfðu miklar hörmungar gengið og gengu yfir þjóðina. Fjalla-Eyvindur og Halla virðast hafa gengið yfir endilangt landið á flóttu undan afleiðingum Skaftárelda og í þeim hörmungum kreppti svo hastarlega að þjóðinni að fjöldi manns lenti á vergangi. Bændur ráku frá sér vinnufólk vegna þess að þeir gátu ekki fætt það og einhver hundruð manna gengu sveltandi og stelandi um landið. Áreiðanlega eru einhverjar útilegumannasögur sprotnar af vondri samvisku þeirra sem höfðu hrakið fólk út í hungurdauða og þurftu að sanna að fórnarlömbin væru hættulegir þjófar og stundum jafnvel mannætur eins og sagt er frá í þjóðsögunni af Ketilríði bóndadóttur sem víða hefur verið birt. Er hægt að finna fleiri dæmi og kannski úr nútímanum um að óhróðri sé dreift um þá sem órétti eru beittir? Hvers vegna bætir það vonda samvisku vegna illrar framkomu?

Í útilegumannasögunum, sem margar eru skráðar á 19. öld, er líka draumur um frelsi og þar birtist löngun til þess að gefa yfirvöldum langt nef og lifa á gæðum landsins. Þessi draumur kemur skemmtilega inn í bókina *Draugaslóð* og kannski hann hafi átt þátt í að halda útilegumannatrúnni á

lífi jafn lengi og raun bar vitni. Jón Hnefill Aðalsteinsson hefur bent á að til eru heimildir um trú á útilegumenn alveg fram á tuttugustu öld.¹⁷

4) Þekking á íslenskri landafræði er nauðsynleg við lestur á þjóðsögunum. Það er ekki með góðu móti hægt að segja þær nema staðsetja atburði. Í skáldsögu Kristínar Helgu er Kjölur lykilstaður og kort framan og aftan við söguna. Slík kort má auðvitað vinna miklu ítarlegar, merkja inn fleiri staði og skrá upplýsingar og svo má gera kort yfir söguvið þeirra þjóðsagna sem eru næst skólanum, fara út úr skólastofunni og reyna að rata eftir kortinu. Skrifa má upp og festa upp í skólastofunni þjóðsögur úr Draugaslóð og umhverfi grunnskólans sem er að lesa bókina. Um allt land eru til sagnatengdir staðir. Yfirsýn er skemmtileg og gott að reyna á rýmisgreindina! Það er upplagt að vinna í kortalestri og sagnamennsku með þessari bók. Hægt er útfrá ævisögu Fjalla-Eyvindar að merkja för hans yfir landið, setja upp kort í stofunni, reyna að útvega ljósmyndir af mikilvægum stöðum og velta ævi hans fyrir sér. Var hann beittur órétti? Eru sögur af grimmd og herfilegu útliti Höllu lygasögur? Upp úr þessum fjórum þáttum má að sjálfsögðu vinna fjölmörg ritunarverkefni.

¹⁷ Jón Hnefill Aðalsteinsson. 1988. bls. 376-379

Verkefni

(Auk þess sem þegar hefur verið nefnt má nota þessi verkefni til samræðna, íhugunar eða sem ritunarverkefni allt eftir því sem kennarinn telur henta.)

1. Hvað þarf maður að hafa með sér til þess að geta búið á fjöllum? Gleymið ekki að ákvarða um hvaða svæði er að ræða því það getur breytt myndinni.
2. Dragið mynd af ferðum Fjalla-Eyvindar inn á Íslandskort. Setjið fram rökstudda skoðun á því hvernig hann fór að því að lifa svona lengi í útlegð.
3. Hvað er notað í fjalla- og útivistarbúnaði nú til dags?
4. Gerið athugun á hitastigi eftir hæð yfir sjávarmáli og íhugið gróður og dýralíf á öræfum.
5. Skipuleggið gönguferðir á slóðir sagna í nágrenni skólans og freistið þess að tengja sögu og umhverfi.
6. Hvað er líkt með Eyvindi Þórusyni og Fjalla-Eyvindi?
7. Hvernig koma foreldrar og forráðamenn fram við börn í sögunni? Lýsið því, dragið ályktanir og vegið og metið framkomu hinna fullorðnu.
8. Gerir það Eyvindi Þórusyni eitthvað til að pabbi hans lætur sig hverfa og mamma hans kemur fram eins og systir hans?
9. Hvenær í sögunni hættir Eyvindur að vera barn? Þetta þarf að rökstyðja og ræða mun á börnum og fullorðnum.
10. Hvað er líkt í sögu Reynolds-bræðra og Reynistaðarbræðra?
11. Er saga þeirra að einhverju leyti hliðstæð sögu Eyvindar Þórusonar og hvernig þá og hvað er ólíkt?
12. Hverjir eru góðir og traustir vinir Eyvindar og hvernig sést það? Lýsið atvikum og dragið ályktanir. Hverjir skipta minna máli?
13. Íhugið möguleika á því að leika eða samlesa útilegumannaleikrit, eða semja slíkan samlestur upp úr sögu.
14. Er lagst út nú til dags? Ef svo hvers vegna er það þá gert og hvernig bjargast til dæmis unglingar sem strjúka að heiman? (um þetta má skoða kvikmyndir og sögur).

Heimildir:

Dagný Kristjánsdóttir. 2008. „Á drauga- og sagnaslóð“. Tímarit máls og menningar. 69. (4) 107-111

Guðmundur Guðni Guðmundsson. 1970/2004. *Saga Fjalla-Eyvindar*. Vestfirska forlagið. Hrafnseyri.

Guðlaugur Guðmundsson. 1998: *Reynistaðarbræður*. Íslenskur annáll ehf.

- 1968: *Reynistaðarbræður*. Gefið út á kostnað höfundar. Reykjavík.

Harvey, Stephanie; Goudvis, Anne. 2007. *Strategies that work: teaching comprehension for understanding and engagement*. Portland Me: Stenhouse Publishers; Markham Out.: Pembroke Publishers. U.S.A.

Iser, Wolfgang. 2000. „The reading process“: a phenomenological approach. *Modern Criticism and Theory*. Ritstj. David Lodge. Pearson Education Limited. Bretland.

Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I. 1961. Bls. 221 – 223. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Bókaútgáfan þjóðsaga. Reykjavík.

Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II. 1961. Bls. 234 – 245. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Bókaútgáfan þjóðsaga. Reykjavík.

Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri IV. 1961. Bls. 400-404. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Bókaútgáfan þjóðsaga. Reykjavík.

Jón Hnefill Aðalsteinsson. 1988. „Þjóðtrú“. *Íslensk þjóðmenning V, Trúarhættir*. Bókaútgáfan þjóðsaga. Reykjavík.

Kristinn Helgason. 1997. *Arnes, síðasti útilegumaðurinn*. Fjölvaútgáfan. Reykjavík

Kristín Helga Gunnarsdóttir. 2007. *Draugaslóð*. Mál og menning. Reykjavík.

Kristján Jóhann Jónsson. 1998. *Lykillinn að Njálu*. Vaka-Helgafell. Reykjavík.

Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson. 1950. *Hrakningar og heiðavegir*, I. Bindi. Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson völdu efnið. Bókaútgáfan Norðri. Prentverk Odds Björnssonar Akureyri.

Silja Aðalsteinsdóttir. 1999. „Trú og siðferði í íslenskum barnabókum“ bls. 178-200, *Raddir barnabókanna*. Mál og menning. Reykjavík.

Sverrir Kristjánsson og Tómas Guðmundsson. 1972: *Fýkur í sporin*. Íslenskir örlagaþættir. Forni. Reykjavík.

Eftirmáli

Grunnurinn að efni þessara kennsluleiðbeininga var lagður á þremur námskeiðum í Grunnskóla Vestmannaeyja 2008-9. Þar fékk ég tækifæri til þess að ræða þetta efni við skemmtilegan og hugmyndaríkan kennarahóp og er þakklátur fyrir það. Magdalena M. Einarsdóttir, nemandi minn og kennari í Húnavallaskóla ræddi málið einnig við mig. Hún taldi *Draugaslóð* henta vel fyrir miðstig og kenndi mér þessa vísu um leiðina frá jöklunum og niður í byggð að norðan:

Þrettán kvíslar í Þegjanda

Þegjandi í Beljanda

Beljandi í Blönduþró,

og Blanda rennur út í sjó.

Alþýðlegir textar um staðhætti og viðburði í nánasta umhverfi geta verið skemmtilegir og það er aldrei að vita hvað afar og ömmur bekkjarins kunna.

Kristján Jóhann Jónsson